

Föstudagur 4. desember 2009

Haushaltsdefizit

02.12.2009, 20:19 **Bestraft Griechenland!**

**Leitartike!** Die griechischen Regierungen missachten seit Jahren den EU-Stabilitätspakt und gefährden damit die gesamte Währungsgemeinschaft. Deshalb müssen endlich härtere Strafen her.

**Refsið Grikklandi !** Leiðari þýsku útgáfu Financial Times segir að það þurfi að refsa Grikklandi sérstaklega hart því landið hafi árum saman hundsáð hinn svo kallaða "stöðugleika sáttmála ESB" og sett allt myntbandalagið í hættu. Vegna þessa er hörð refsing nauðsynleg; [FTD](#). Þess er hægt að geta hér að bæði Frakkland og Þýskaland hafa einnig brotið þennan sáttmála, en þá var honum bara breytt.


**Sænsk verkalýðsfélög hafa** verið dæmd til að greiða 55.000 evrur í skaðabætur til lettnesks byggingafyrirtækis fyrir að hafa hindrað vinnu við byggingaframkvæmdir sem fyrirtækið vann að í Svíþjóð. Sænsku verkalýðsfélögin sögðu að verkamenn á vegum fyrirtækisins undirbyðu það verkafólk Svíþjóðar sem ynni samviskusamlega samkvæmt gildandi kaupþóttum í landinu. Að lettneska fyrirtækið greiddi fólki sínu miklu lægri laun en gildandi taxtar leyfa. En dómstóll evrópusambandsins dæmdi sænsku verkalýðsfélögunum í óhag og hafa sænskir dómstólar þurft að fylgja því. Þetta er nefnt *Laval málið*. Svíar ráða ekki lengur í eigin landi. Ekki frekar en Danir ráða í sínu landi. Fyrir utan sektina voru sænsku verkalýðsfélögin einnig dæmd til að greiða málskostnað uppá 2,1 milljón sænskar krónur; [Europaportalen](#)

**"Við erum ekki bara efnahags- og viðskiptabandalag".** Þetta sagði hinn fráfarandi yfirmaður utanríkismála Evrópusambandsins, Javier Solana, í viðtali við franska dagblaðið *Le Monde*. [eins og við vitum þetta ekki. Samvinna um efnahagsmál þarf ekki stjórnarskrá, dómstóla, forseta eða utanríkisráðherra. Það eru bara ríki sem þurfa á svoleiðis að halda]. Solana ver útnefningu Hermans Van Rompuy og Catherine Ashton. Þess fyrra sem forseta ESB og þeirrar seinni sem utanríkisráðherra ESB [munið, sumir á Íslandi halda ennþá að ESB sé efnahagsbandalag]. Solana segir að utanríkisþjónusta ESB, sem sumir hafa kallað stærstu utanríkisþjónustu heimsins, verði ekki bara mönnuð borgalegum mannafla heldur muni þjónustan einnig ráða yfir herafila. Þjónsutan mun ekki bara vinna að málum heima við eða í nánasta nágrenni ESB. Nei, hún mun hafa allan heiminn sem leiksvið - og nú með herafila í bakhöndinni; [Le Monde](#)

Í sumar sagði utanríkisráðherra Frakklands þetta um nýju utanríkisþjónustu ESB: "Án nýju stjórnarskrár Evrópusambandsins (sem oft var nefnd Lissabon sáttmálinn) getum við ekki talað um framtíð fyrir Evrópu, enga framtíð fyrir öryggisvarnir Evrópu, enga framtíð fyrir stækkun Evrópu og enga framtíð fyrir fullkomnun Evrópu. Með 27 einstökum löndum er ekkert af þessu mögulegt. Með þessu (nýju stjórnarskránni) munum við verða mikilvægasta pólitíska eining í heiminum og hún mun bera ábyrgð á

örlögum okkar sem munu ná langt út fyrir landamæri okkar. Það munu ekki lengur verða nein málefni sem hægt verður að ákveða af einu landi Evrópusambandsins".  
Hvorki meira né minna, sjá: [Draumurinn um sameinað ríki Evrópusambandsins](#)


Fimmtudagur 3. desember 2009



**80% af framgangi á vinnumarkaði er horfinn.** *Arbejderbevægelsens Erhvervsråd*, sem er hugveita og greiningarstofnun launþegahreyfinga í Danmörku, segir að atvinnustig (atvinnuþáttaka) falli tvöfalt meira en atvinnuleysið hækkar í Danmörku. Frá 2. til 3. fjórðungs ársins fækkaði launþegum sem svarar til 20.000 starfsmanna í fullri atvinnu. Frá hámarki atvinnustigs á 1. fjórðungi ársins 2008 hefur launþegum fækkað sem svarar til 122.000 starfsmanna í fullri atvinnu og um 138.000 starfsmanna í fullri vinnu þegar allir í einkageiranum eru taldir með (dæmi; sjálfstæðir atvinnurekendur sem eru ekki túlkaðir sem verandi launþegar í venjulegum opinberum tölum)

Kreppan er nú orðin jafn slæm í öllum geirum. Iðnaður er nú orðinn jafn illa til reika og byggingabransinn. Atvinnustig í iðnaði er fallið um 14.7% á seinustu 12 mánuðum. Atvinnustig í þjónustuiðnaði einkageirans hefur orðið einna verst úti á seinasta ársfjórðungi. Um 80% af þeim framgangi sem náðist á vinnumarkaði Danmerkur í seinustu uppsveiflu frá 2004-2008 er nú horfinn. Tölurnar gefa til kynna að mörgu fólki hafi verið ýtt út af vinnumarkaði, því nær tófalt fleiri hafa misst eða hætt atvinnu en atvinnuleysistölugerfa gefa til kynna; [AE](#).


Samkvæmt seinustu tölum hagstofu ESB var samanburðarhæft atvinnuleysi 6,9 % í Danmörku í október.



Því er einnig hægt að bæta við hér að á síðustu 32 árum hefur atvinnuleysi í Danmörku einungis farið undir 6% í ca. 5 ár á þessum síðustu 32 árum. Nú er sá glaðningur búinn. Seinustu (1. desember 2009) atvinnuleysistölur 27 landa Evrópusambandsins frá hagstofu ESB er hægt að skoða hér: [Atvinnuleysi í ESB núna](#)

*Miðvikudagur 2. desember 2009*


**Pegar Javier Solana**, sem nú er orðinn fyrrverandi yfirmaður utanríkismálastefnu Evrópusambandsins, afhenti utanríkismálin formlega yfir til barónessu Catherine Ashton, sem nú er orðin utanríkisráðherra ESB, þá sagði Solana við tækifærið að það væri "fantasía" ef lönd Evrópusambandsins héldu að þau gæti beitt sér uppá eigin spýtur í öryggis- og utanríkismálum. "Ég vona að menn verði skynsamir og skilji að það er fantasía ef sum ESB-lönd halda ennþá að þau geti eitthvað upp á eigin spýtur", sagði Solana; [FT](#)



Fyrri starf barónessu Catherine Ashton utanríkisráðherra ESB var að sjá um fjármál samtakanna CND eða "Campaign for Nuclear Disarmament" í Bretlandi á árum kalda stríðsins. Leyniþjónusta Bretlands (MI5) stimplaði samtökin sem verandi "undir stjórn kommúnista" á árunum 1971-1977. Stuttu seinna var þessari greiningu breytt í að samtökin væru aðeins "gegnsýrð af kommúnistum". Barónessan hefur þurft að afneita því að hafa þegið fjármagn frá Sovétríkjunum sem gjaldkeri samtakanna (sjá; neðar: *Mánudagur 30. nóvember 2009*)

*Þriðjudagur 1. desember 2009. Fullveldisdagur Íslands*





**Engar evru-gjafir frá myntbandalaginu** til Grikkja. Grikkland verður látið sigla sinn sjó skrifaði Wolfgang Münchau í grein sinni í *Financial Times* í gær. Í dag eru það skuldir Dubai sem brenna á vörum þeirra fjárfesta sem hafa fjármagnað nokkrar píramídaybyggingar Dubai. En hvað með Grikkland og þá sem hafa keypt skuldir gríska ríkisins? Í byrjun þessa árs skaust skuldaálag á skuldabréfum gríska ríkisins upp á loft himna. Ef gríska ríkið ætlaði að selja skuldabréf á fjármálamörkuðum þá þýddi þessi himnaför skuldaálagsins að gríska ríkið varð að greiða miklu hærra vexti - áhættuþóknun - svo fjárfestar væru viljugur til að kaupa skuldir af gríska ríkinu. Þessu hafði gríska ríkið varla efni á. En þá kom einn fjármálaráðherra Þýskalands fram á sjónarsviðið og sagði eina setningu. Hann sagði að evrusvæðið myndi koma ríkjum þess til hjálpar í neyð. Markaðurinn trúði þá á orð þýska fjármálaráðherrans. Himnaför skuldaálagsins hægði á sér.

Engar raunverulegar ráðstafanir voru þó gerðar til að láta gjörðir fylgja máli og ræðu herrans frá Þýskalandi. Engir samningar voru gerðir, engum sáttmálum var breytt, ekkert var gert annað en talað. Núna er enn verri staða komin upp. Fjárlagahalli í Grikklandi reyndist vera fjórum sinnum verri en Grikkir höfðu sagt umheiminum.

En í þetta skiptið eru aðrar blikur á lofti segir Münchau. Evrusvæðið mun *ekki* koma Grikklandi til hjálpar því evrusvæðið er líka í miklum vandræðum. Trúverðugleiki þess er í húfi. Það mun fyrst og fremst reyna að hugsa um sig sjálft og bjarga sjálfu sér. Það mun fórnna Grikklandi. Ekkert mun látið ógert til að bjarga myntbandalaginu frá því að lenda í þeirri sömu aðstöðu sem Grikkland er í núna, þ.e. með allt niðrum sig hvað varðar fjármálin. En átti þetta að geta gerst? Átti ekki allt að vera svo fullkomið hjá þeim ríkjum sem eru í myntbandalaginu?

Samkeppnislega séð er Grikkland komið útaf landakortinu því virkt gengi landsins hefur hækkað svo mikið sökum innri hækkana, eða rétta sagt, sökum bættrar samkeppnisaðstöðu Þýskalands gagnvart Grikklandi. Það er jú í kringum Þýskaland sem allt snýst og miðast við í hinu svo kallaða myntbandalagi ESB. Grikkland getur ekki fellt gengið til að leiðrétta samkeppnishæfni landsins útávið og innávið í myntbandalaginu.

Því mun þetta háa og virka gengi þvinga Grikkland ennþá nær ríkisgjaldþroti því tekjur (skattalindir) ríkisins eru að þorna upp. M.ö.o greiðslugeta Grikklands fer ört þverrandi.

Hvað mun gerast næst? Jú forráðamenn evrusvæðis munu þvinga Grikkland inn í arma Alþjóða Gjaldeyrissjóðsins, segir Münchau í greiningu sinni. Þá verður nefnilega auðveldara að fá Grikki til að samþykkja fullkomna Brusselvæna umturnun á samfélagi þeirra. Samþykkja djúpan og grunnleggjandi uppskurð á fjármálum ríkisins. Heiftarlegan niðurskurð, mölvun, brot og svo endurhæfingu með Brussel-hækjur á öllum fjórum fótum Grikklands á eftir.

Skyldu Grikkir ekki vera farnir að sjá eftir gömlu grísku drachma myntinni sinni? Sú mynt hafði gagnast þeim frá árinu 1100 fyrir Krists burð og fram til ársins 2001 eftir fæðingu Krists. Í heil þrjú þúsund eitt hundrað og eitt ár. Núna hafa Grikkir haft evru í heil 0,008 þúsund ár og þetta er árangurinn? Yfirvofandi ríkisgjaldþrot? Þýskir verðbólguöfgamenn vaðandi á stígvélunum yfir Grikki? Ja hérna.

**Þýskalandi júní 2009**

**A CRISIS WASTED**

**“During the first ten years of the euro, we lived in the hope that the next crisis would sort everything out. It did not. Perhaps the next crisis will bring the much needed changes. I doubt it. Something will have to give in the long run. We will either have to sacrifice the supremacy of national policy, economic growth and prosperity, or the euro itself. Ten years ago, I would have been certain that we would have sacrificed national supremacy. Today, I am certain that it will be one of the other two.”**

**25.06.2009 Wolfgang Münchau  
www.eurointelligence.com**

Gríska þjóðin er alls ekki undirbúin undir þær hamfarir sem verða þvingaðar uppá þjóðina í gegnum leppstofnun ESB, þ.e. í gegnum kröfur AGS via ESB. Því þannig verður þetta matreitt ofan í grísku þjóðina þegar að þessu kemur. Þjóðinni hafði nefnilega verið lofað hinu algerlega gagnstæða í nýafstöðnum þingkosningum. Þjóðinni var lofað bættri opinberri þjónustu og bættri velferð. Því mun "AGS segir, AGS krefst, AGS mælir með" fara afskaplega illa í þjóðina og stilla stjórnvöldum á milli steins og sleggju. En það er einmitt það sem ESB óskar eftir segir greinarhöfundurinn. ESB sér gjarnan að það komi til stjórnmalakreppu, því þá mun AGS nefnilega renna betur ofaní alla.

Það fer að verða spurning hvort ekki sé kominn tími til að stofna nýtt ráð eða jafnvel ráðuneyti í ESB-samsteypunni; þ.e. nýlenduráðuneyti Evrópusambandsins! En þá vaknar auðvitað upp sú áhugaverða spurning - og auðvitað aðeins fyrir embættismenn ESB í Brussel - hver á að verða fyrsti nýlendumálaráðherra Evrópusambandsins? Þetta myndi kalla á nýjan lokaðan hádegisverðarfund með greifum, furstum, barónessum og herra von And. Allt að gerast hér.

Ef þetta reynist rétt - og ég er sannfærður um að ekkert verður látið ógert til að reyna bjarga kjarna myntbandalagsins frá þeim hremmingum sem bíða Grikklands - þá er með réttu hægt að segja að minna en ekkert gagn hafi verið í myntbandalaginu fyrir Grikki. Minna en ekki neitt. Ekkert gengi, ekkert hægt að gera til að koma sér á flot aftur. Fullkomið strand. Fullkomið núll. Grikkur við Grikki. Miklu verra en bjölluat; [FI](#)

*Mánudagur 30. nóvember 2009*



**Breska blaðið Times** skrifaði í síðustu viku að barónessa Catherine Ashton, sem nú er orðin nýr utanríkisráðherra Evrópusambandsins eftir að hún var valin til þessa starfa á lokuðum miðdegisverðarfundum í Brussel, hafi þurft að afneita því að hafa þegið fjármagn frá Sovétríkjunum sem einn af stjórnendum CND samtakanna. New York Times skrifar að barónessan muni þurfa að svara ýmsum spurningum varðandi fortíð sína sem kjarnorkuvopnaandstæðingur og aðgerðarsinni (e. activist) í þessum samtökum "Campaign for Nuclear Disarmament" í Bretlandi á árum kalda stríðsins. Leyniþjónusta Bretlands (MI5) stimplaði samtökin sem verandi "undir stjórn kommúnista" á árunum 1971-1977. Stuttu seinna var þessari greiningu breytt í að samtökin væru aðeins "gegnsýrð af kommúnistum". Barónessan sá um fjármál samtakanna.

Það er athyglisvert að einmitt utanríkismálin skuli lenda á borði þessarar aðalsmanneskju. Breska *Guardian* blaðið segir að ráðamenn Evrópusambandsins hafi með útnefningu barónessu Catherine Ashton sem utanríkisráðherra og Hermans Van Rompuy sem forseta sambandsins, dæmt ESB til að liðast hægt og rólega í sundur. Að ESB muni enda sem safngripur þar sem hægt verður að skoða minningar um gott líf sem fór forgörðum. Ég er ekki sammála Guardian. Ég held að þessi nýi forseti muni greiða götu tilurðar stórríkis ESB, því hann er yfirlýstur "federalist", stórríkismaður; [Times](#) | [N.Y.T](#)

Þingmaðurinn Nigel Farage (*mynd*) gerði athugasemd við útnefningu barónessunnar og forsetans á þingi ESB. Það er hægt að sjá og heyra athugasemd Nigels á myndbandi [hér](#):

**Svörin við efnahags og stjórnmálagetraun** frá þar síðustu viku hafa verið birt á bloggsíðu minni og er hægt að lesa [hér](#)

---

**SKJALASAFN STUTTRA OG OFT DAGLEGRA FRÉTTA**

<http://www.tilveraniesb.net/stuttar-vikufrettir>